



Norðurskautsráðið 20 ára – fjöregg norðurskautssam- starfsins

Eftir Lilju Dögg
Alfreðsdóttur

Engum dylst að norðurskautið og norðurslóðasvæðið allt hefur tekið miklum breytingum á umliðnum árum og sú þróun mun halda áfram. Ísland lætur sig þessa þróun varða, enda hefur hún afgerandi áhrif fyrir íslenska hagsmuni, hvort sem lítið er til tækifæra í efnahags- og atvinnulífi eða áskorana og ógnana sem hlýnun loftslags og bráðnun íss og jökla hafa fyrir umhverfi, náttúru og mannlíf.

Um þessar mundir eru tuttugu ár liðin frá stofnun Norðurskautsráðsins sem er samstarfsvettvangur átta ríkja: Íslands, Bandaríkjanna, Danmerkur, Finnlands, Kanada, Noregs, Rússlands og Svíþjóðar. Auk aðildarríkjanna eiga sex samtök frumbyggja á norðurslóðum aðild að ráðinu. Þetta fyrirkomulag er í raun einsdæmi í fjölþjóðlegu samstarfi og mætti jafnvel kalla fjöregg norðurskautssamstarfsins. Til viðbótar við norðurskautsríkin átta og frumbyggjasamtökin er heimilt að veita öðrum ríkjum, fjölþjóðlegum stofnunum og fjölþjóðlegu þingmannasamtarfi, og frjálsu félagasamtökum áheyrnaraðild að ráðinu, en henni fylgir réttur til að fylgjast með starfi ráðsins á öllum stígum. Nú eru áheyrnaraðilar 32, en vaxandi ásókn í slíka stöðu er til vitnis um aukið vægi norðurslóða.

Meginhlutverk Norðurskautsráðsins var í upphafi að styðja við samvinnu norðurskautsríkjanna í málefnum norðurslóða, sérstaklega hvað umhverfisvernd og sjálfbærni varðar. Þunginn í starfi Norðurskautsráðsins fer fram í sex vinnuhópum sem fjalla um: a) efnamengun, b) vöktun og greiningu á lífríki og náttúru, c) verndun lífríkis og líffræðilegan fjölbreytileika, d) varnir, viðbúnað og viðbrögð við umhverfisvá, e) málefni hafsins og f) sjálfbæra þróun.

Málefni norðurslóða hafa á liðnum árum orðið fyrirferðarmeiri jafnt á alþjóðavettvangi sem innanlands. Með skipan ráðherraefndar um málefni norðurslóða árið 2013 var mikilvægi málaflokksins undirstrikað, en stefna Íslands á sér stöð í þingsályktun sem samþykkt var samhljóða á Alþingi vorið 2011. Í stjórnarsáttmála núverandi ríkisstjórnar er þýðing málaflokksins undirstrikuð en þar er stefnt að því að Ísland verði leiðandi afl á norðurslóðum og virkur þátttakandi í vest-norrænu starfi.

Ísland tekur virkan þátt í starfi Norðurskautsráðsins. Starf íslenskra stjórnvalda að norðurslóðamálum einkennist af umfangsmiklu samstarfi ráðuneyta, stofnana, háskólasamfélags, einkaaðila o.fl.

Sem dæmi um hve norðurskautssamvinnan er víðfeðm má nefna:

- Opnun siglingaleiða og þar með auknar siglingar, samstarf um leit og björgun, eftirlit með skipaferðum, vernd hafsins, varnir, viðbúnaður og viðbrögð við umhverfisvá og samstarf um fjarskiptainnvíðir sem heyra undir innanríkisráðuneytið og undirstofnanir þess eins og Landhelgisgæsluna, Samgöngustofu, Vegagerðina og Póst- og fjarskiptastofnun.

- Umhverfis- og náttúruvernd, s.s. verndun líffræðilegrar fjölbreytni, umhverfisvernd á hafsvæðum, mengunarmælingar og vöktun m.a. vegna þungmálma, sótts og metans, eru mikilvæg verkefni



Lilja Dögg Alfreðsdóttir

sem eru á hendi umhverfis- og auðlindaráðuneytisins og stofnana þess, einkum Umhverfisstofnunar og Náttúrufræðistofnunar. Ennfremur eru vinnuhópar Norðurskautsráðsins um verndun lífríkis og um málefni hafsins vístaðir undir umhverfis- og auðlindaráðuneyti, en þeir hópar hafa aðsetur á Akureyri.

» Ísland hefur ríka hagsmuni af þátttöku í starfi Norðurskautsráðsins og eru málefni norðurslóða einn af lykilþáttum í utanríkisstefnu okkar.

- Málefni hafsins í víðum skilningi eru fyrirferðarmesti þátturinn í aðkomu atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins að málefnum norðurslóða, m.a. með þátttöku Hafnarssóknastofnunar. Önnur ráðuneyti koma í minna mæli að þessum málum, en þó er vert að nefna sérstaklega samstarf við mennta- og menningarmálaráðuneytið og Rannís vegna vísindasamstarfs og velferðarráðuneytið vegna verkefna er snerta lýðheilsu og félagslega þróun, auk jafnréttismála.

- Árangurs af starfi Norðurskautsráðsins sér víða stað. Þannig hafa aðildarríkin nú þegar gert tvo lagalega bindandi samninga, annars vegar um leit og björgun og hins vegar um varnir gegn olíumengun, en báðir þessir samningar eru þýðingarmiklir varðandi öryggi sjófarenda og umhverfisvernd á víðfeðmu og víðkvæmu hafsvæði. Þá er nú unnið að þriðja lagalega bindandi samningnum um vísindalegt samstarf ríkjanna. Norðurskautsríkin hafa einnig átt þátt í gerð samninga um þrávirklifráen efnir, um aðgerðir gegn losun kvikasilfurs, áætlunar um vöktun á líffræðilegum fjölbreytileika á norðurslóðum, aðgerðarramma vegna sótts og metans, rammaáætlunar um friðuð hafsvæði o.s.frv. Þessu til viðbótar hafa norðurskautsríkin í sameiningu komið að mótn siglingareglna á norðurslóðum, sem Alþjóðasiglingamálastofnunin gefur út.

- Þannig er augljóst að Ísland hefur ríka hagsmuni af þátttöku í starfi Norðurskautsráðsins og eru málefni norðurslóða einn af lykilþáttum í utanríkisstefnu okkar. Það er ánægjulegt að breið pólitísk samstaða ríkir hér á landi í þessum málaflökki. Ísland mun fara með formennsku í Norðurskautsráðinu 2019-2021 og getur þá haft umtalsverð áhrif á starf og stefnumörkun ráðsins. Ég mun sérstaklega beita mér fyrir víðtæku samráði og samstarfi innanlands í því augnamiði að formennska Íslands verði sem árangursríkust.

- Í mínum huga er enginn vafi á að Norðurskautsráðið hefur löngu sannað gildi sitt sem mikilvægasti samráðsvettvangur ríkjanna átta og frumbyggjasamtakna og hefur í verki sýnt að það getur náð árangri í þágu sjálfbærrar þróunar á norðurslóðum. Framundan eru samt margvíslegar áskoranir, ekki síst vegna þess að umhverfis- og loftslagsbreytingar hafa víðtækari áhrif á norðurslóðum en annars staðar. Þess vegna er svo brýnt að Ísland taki áfram, með öflugum hætti, þátt í starfi Norðurskautsráðsins.

Höfundur er utanríkisráðherra.